

10. gr.

Undanþágunefnd og starfsmönnum hennar ber að gæta þagmælsku um öll einkamál sem þeir komast yfir í starfi sínu eða í tengslum við það. Undanþágunefnd endursendir skólastjóra fylgigögn með umsókn að uppkveðnum úrskurði.

11. gr.

Málsaðili, skólastjóri, umsækjandi eða grunnskólakennari sem sótt hefur um stöðuna, getur skotið ákvörðun undanþágunefndar grunnskóla til menntamálaráðherra. Skólastjóra er ekki heimilt að ráða leiðbeinanda til starfa ef undanþágunefnd hefur synjað umsókn, þrátt fyrir að úrskurði nefndarinnar hafi verið skotið til ráðherra.

12. gr.

Um málsmeðferð hjá undanþágunefndinni fer að öðru leyti skv. stjórnisýslulögum.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 10. gr. laga nr. 86/1998 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 14. desember 1998.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 60/1991, um hlut Vinnueftirlits ríkisins í tryggingagjaldi launagreiðenda, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Í stað 0,06% í 1. gr. komi: 0,055%.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 1. tölul. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 113/1990 um tryggingagjald, ásamt síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1999.

Félagsmálaráðuneytinu, 17. desember 1998.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sturlaugur Tómasson.